

Nefndasvið Alþingis — Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Dags. 22.2.2013
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2013-48
0.5

Með erindi dags. 5. febrúar sl. óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda (þingskjal 35 – 35. mál).

Veðurstofan hefur kynnt sér efni tillögunnar sem gerir ráð fyrir að Alþingi álykti að fela forsætisráðherra að fá færustu sérfræðinga á sviði auðlindaréttar til að semja frumvarp sem skilgreinir með tæmandi hætti hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar auðlindir Íslands eru.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

1. Þekking á náttúruauðlindum og áhrifum af nýtingu þeirra

Veðurstofa Íslands er almennt fylgjandi því að yfirsýn sé yfir náttúruauðlindir landsins. Hún telur mikilvægt að þær séu skilgreindar eins og kostur er, útbreiðsla þeirra kortlögð, þær magnteknar, breytileiki þeirra vaktaður og virkt eftirlit sé með nýtingu þeirra ásamt afleiðingu nýtingarinnar á aðra þætti. Allt sem að ofan er talið er undirstaða sjálfbærrar auðlindastjórnunar að mati Veðurstofunnar.

Hitt er annað að viðhorf til þess hvað er auðlind er stöðugt að breytast og verður illmögulegt að telja slíkt upp með tæmandi hætti. Í skýrslu Auðlindanefndar frá árinu 2000 kemur t.d. eftirfarandi fram:

„Vegna síbreytilegra lífshátta og tækni hafa kröfur efnahagsstarfseminnar til náttúrunnar stöðugt verið að breytast. Segja má að allir þættir náttúrunnar, jörðin, lífríkið, vatn, loft og sólarljós, geti talist til náttúruauðlinda en þær verða því aðeins verðmætar í efnahagslegum skilningi að eftir þeim sé sóst og framboð á þeim sé takmarkað.“

Ofangreind skýring á hvað er náttúruauðlind, eins víðfeðm og hún er, nær ekki til þess að nýting einnar auðlindar geti haft neikvæð áhrif á aðra, svo sem loftslagsbreytingar, breytingar á straumakerfum eða uppsöfnun mengunarefna. Þess vegna hefur Veðurstofan efasemdir um að skilgreining á auðlind eða náttúruauðlind geti nokkru sinni orðið með tæmandi hætti.

2. Auðlindir - náttúruauðlindir

Í fyrirsögninni er vísað til auðlindanotkunar, en stærstur hluti greinargerðarinnar með þingsályktunartillögunni fjallar um náttúruauðlindir. Í greinargerðinni segir ennfremur:


„Þær auðlindir sem ekki teljast vera náttúruauðlindir eðli málsins samkvæmt eru til dæmis mannaður, þekkingarkerfi, gagnagrunnar og önnur hliðstæð verkefni sem menn hafa skapað.“

Það þyrfti að koma skýrt fram hvort tillagan vísar til auðlinda almennt eða sé takmörkuð við náttúruauðlindir.

3. Hlutverk Veðurstofunnar varðandi auðlindir og auðlindarannsóknir

Veðurstofan vekur athygli á því að í 3. gr. laga nr. 70/2008 um Veðurstofu Íslands hefur stofnunin lögboðnar skyldur varðandi rannsóknir á náttúruauðlindum og telur því eðlilegt að hún og sérfræðingar hennar komi þar að málum verði tillagan samþykkt.

Virðingarfyllst



Árni Snorrason, forstjóri VÍ